

Gengið í skólann

Verkefnið „Göngum í skólann“ hófst í gær, 5. september, og mun ljúka formlega með alþjóðlega „Göngum í skólann“ deginum 10. október næstkomandi. Grunnskóli Fjallabyggðar tekur þátt í átakinu. Markmiðið er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka um leið færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. Allir nemendur Grunnskólans eru hvattir til að taka þátt og ganga eða hjóla í skólann þessa daga.

Vegfarendur eru beðnir um að sýna sérstaka aðgát í umferðinni og taka tillit til skólabarnanna. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að tryggja að börnin þeirra séu vel sýnileg á leið sinni til og frá skóla.

Þetta má lesa á [heimasíðu Fjallabyggðar](#).

Mynd: Fengin af Netinu.

Texti: Fjallabyggð.is / Sigurður Ægisson | sae@sae.is.